

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt fyrirmælum í erfðaskrá Ragnheiðar Jónsdóttur, frv. skólastjóra, Hringbraut 28 í Reykjavík, dagsettri 8. maí 1964, og er stofnfé sjóðsins kr. 4 225 534 auk $\frac{1}{4}$ hluta jarðarinnar Ægissíðu í Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu nú að fasteignamati kr. 3 541 000.

3. gr.

Sjóðinn sjálfan má aldrei skerða en af vöxtum hans má árlega verja 9/10 hlutum vaxta til þess er meirihluti sjóðsstjórnar álitur hverju sinni henta til eflingar Hvolhrepps og íbúa hreppsins. Sé vöxtum ekki úthlutað einhvert ár, leggjast þeir við höfuðstólinn.

4. gr.

Úthlutun úr sjóðnum og vörslu hans annast sóknarprestur Hvolhreppinga, héraðslæknir þeirra og sýslumaður Rangæinga.

5. gr.

Sú kvöð hvílir á sjóðnum að forráðamenn hans eru skyldir til ár hvert að sjá um viðhald og hirðingu á grafreit föður stofnanda sjóðsins, Jóns Árnasonar, í kirkjugarðinum á Stórólshvoli og vanda til þess hið besta og verja til þess árlega fé af vöxtum sjóðsins.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

um umferð í Njarðvík.

Að fenginni tillögu bæjarstjórnar Njarðvíkur er hér með ákveðið bann við að leggja vörubifreiðum og öðrum þungaflutningatækjum á Kirkjubraut, sunnan Stapaötu í Njarðvík.

Bann þetta tekur þegar gildi.

Lögreglustjórinn í Njarðvík, 11. október 1978.

Jón Eysteinnsson.